



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 23. nóvember

2018

USK2018110057

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Þorsteinn R. Hermannsson

---

### *Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um teinagrindverk*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 31. október 2018 var lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að teinagrindverk sem notuð eru til þess að skilja á milli veghelminga verði fjarlægð á þeim vegum sem Reykjavíkurborg hefur umsjón með. Slíkar girðingar eru t.d. á Grensásvegi norður, Suðurlandsbraut, Réttarhofsvegi og fleiri stöðum. Nú þegar hefur Vegagerðin tekið niður stóran hluta af teinagirðingum á sínum vegum innan borgarmarkanna, enda hafa orðið alvarleg slys vegna þessa teinagirðinga. Teinagirðingarnar eru ekki viðurkennd og árekstraprófuð aðferð við umferðargötur. Ný og viðurkennd útfærsla hefur verið sett í staðin, eins og á Miklubraut.“

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umræddar girðingar, teinagrindur, voru á sínum tíma settar upp til að beina gangandi og hjólandi vegfarendum á skilgreindar gönguþveranir og takmarka þannig slyshættu. Reykjavíkurborg hefur ekki tekið niður teinagrindur sem eru á milli akreina á götum borgarinnar, þar er hámarkshraði 50 km/klst. eða lægri. Málið er til skoðunar og mikilvægt er að leggja vandað mat á kosti og galla þess að fjarlægja þær. Meta þarf hvort grípa þarf til annarra aðgerða ef girðingar eru teknar niður og tryggja þarf að slyshætta allra vegfarenda aukist ekki. Vegagerðin hefur tekið niður teinagrindur á stofnvegum, þar er hámarkshraði 60 km/klst. eða hærri, fyrst var áherslan á að taka niður teinagrindur þar sem vegrið eru til staðar sem Vegagerðin telur fullnægjandi til að hindra gangandi og hjólandi í að þvera götur nema á skilgreindum gönguþverunum.

Þorsteinn R. Hermannsson,  
samgöngustjóri

